

Almanak 2008







Myndskreyting almanaks

Nemendur í Vinnuskóla Reykjavíkur myndskreyta almanak SORPU að þessu sinni. Verkin eru afrakstur samstarfsverkefnis SORPU og Vinnuskóla Reykjavíkur síðastliðið sumar en það bar heitið Sköpun úr rusli. Tilgangur verkefnisins var að auka umhverfisvitund nemenda Vinnuskólans og að fá ungmennin til að skoða rusl í nýju ljósi og sjá það sem hráefni í nýjar vörur eða listaverk. Markmiðið var einnig að virkja sköpunarkraft þeirra, enda er forsenda endurvinnslu góðar hugmyndir um hvernig megi nýta það rusl sem til fellur. Í lok sumars voru verkin til sýnis á Reyfi, menningarhátíð Norræna hússins, og voru verðlaun veitt fyrir besta verkið en það var Hljóðfæri á grænni grein sem prýðir janúarmánuð almanaksins. Notagildi hljóðfærisins réð úrslitum um að það var valið besta verkið úr hópi margra góðra.

Vinnuskóli Reykjavíkur

Vinnuskóli Reykjavíkur vill vera í fararbroddi meðal skóla við að efla virðingu ungmenna fyrir vinnu og bæta viðhorf þeirra til hollrar útivistar, umhverfismála, skapandi hugsunar og samgangna. Hlutverk skólans er m.a. að skapa ungmennum í Reykjavík öruggt, hvetjandi og þroskandi atvinnuumhverfi á sumrin og bæta líðan nemenda í atvinnutengdu námi á veturna.

Markmið Vinnuskóla Reykjavíkur eru:

- að móta umhverfisverkefni í samstarfi við borgarstofnanir til að bæta borgarumhverfið,
- að skapa skilning á verðmætum sem eru í umhverfinu og auka áhuga nemenda á að fræðast um borgina,
- að styrkja ímynd Vinnuskólans og gera starfið eftirsóknarvert fyrir nemendur,
- að auka samstarf við grunnskóla um lífsleikniáherslur og byggja upp samfellu í fræðslu í sumar- og vetrarnámi nemenda.

Vinnuskóli Reykjavíkur starfar sumar og vetur. Á veturna taka allt að 100 nemendur þátt í atvinnutengdu námi. Á sumrin starfa kringum 3000 nemendur í skólanum. Nemendur skólans koma úr 8., 9. og 10. bekk.



Kind 1

Vinnuhópur 382 Tónabær, nemendur í 10. bekk

Kind 2

Vinnuhópur 353 Nemendur í 10. bekk í Húsaskóla

Seglskúta

Vinnuhópur 134 Nemendur í 8. bekk í Hólabrekkuskóla



Janúar

Şunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Á heimasíðu SORPU, sorpa.is, er að finna upplýsingar um hvað skal gera við jólatré, gjafapappir og aðrar umbúðir sem falla til yfir jólin.		1 NÝÁRSDAGUR	2	3	4	5
6 PRETTÁNDINN	7	8 Dósir, gler- og plastflöskur skal flokka eftir tegund og telja åður en þeim er skilað.	9	10 Aðeins er hægt að fá skilagjald greitt inn á debelkort hjá SORPU. Hjá Endurvinnslunni hf. er hægt að fá skilagjaldið greitt í peningum.	11	12
13	14 Að hámarki má skila 1000 einingum í einu á endurvinnslu- stöðvar en meira magni er hægt að skila til Endurvinnslunnar hf. í Knarrarvogi.	15	16 Úr plastflöskum er búinn til flisfathaður. Það þarf um 26 tveggja liftra flöskur í meðalstóra flispeysu.	17	18	19
20	21	22 Áldósir eru bræddar og hráefnið notað í nýjar áldósir.	23 Glerflöskur eru muldar og efnið notað sem jarðvegsfylling, t.d. við vegagerð.	24	25 BÓNDADAGUR	26
27	28	29	30	31		

SORPA



Febrúar

Sunnudagur	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	
					1	2	
3	4	5	6	7	8	9	
	BOLLUDAGUR	SPRENGIDAGUR	ÖSKUDAGUR			Á heimasíðu SORPU eru ýmsar skemmtilegar og gagnlegar upplýsingar, s.s. litabók og leikir fyrir börn.	
10	11	12	13	14	15	16	
	Kynntu þér upplýsingar um flokkun úrgangs á heimasíðu SORPU eða í flokkunartöflunni sem er fáanleg á öllum endurvinnslustöðvum SORPU.				Á endurvinnslustöðvum fást gefins margnota flokkunarpokar sem auðvelda flokkun endurvinnanlegs úrgangs á heimilum.		
17	18	19	20	21	22	23	
	Flokkunartaflan er gefin út fyrir heimili annars vegar og fyrir fyrirtæki og stofnanir hins vegar.	P.Diomin	ST. PLOKE				
24 KONUDAGUR	25	26	27	28	29 HLAUPÁRSDAGUR		pa.is
Flobbu	m og sk	ilum 📗	TA AMPRICA	Puppirsumbidir		SORPA	www.sorpa.is



Mars

Sunnudagur	Mánudagur	[priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				num		1
2	3	4 Í nytjagáma á endurvinnslu-	5	6	7	8
		stöðvum er hægt að gefa nothæfan húsbúnað, raftæki, leikföng, bækur, leirtau, skrautmuni og fleira.	Nytjahlutir eru seldir í Góða hirðinum, nytjamarkaði SORPU og líknarfélaga, og ágóðinn rennur til góðgerðarmála.	Þannig má forða nothæfum hlutum frá urðun og þeir nýtast áfram hjá nýjum eigendum.		
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
PÁLMASUNNUDAGUR	Ĭ			SKÍRDAGUR/ VORJAFNDÆGUR	FÖSTUDAGURINN LANGI	
23/30 PÁSKADAGUR (23)	24/31 ANNAR Í PÁSKUM (24)	25	26	27	28	29

SORPA



April

	Sunnudagur	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
			1	2	3	4	5
			Garðaúrgang þarf að flokka í gras annars vegar og trjágreinar hins vegar.				
1	6	7	8	9	10	11	12
N.					Grasi og trjágreinum er hægt að skila á endurvinnslustöðvar eða í móttökustöðina í Gufunesi (ef farmur er stærri en 2 rúmmetrar).		
	13	14	15	16 Trjágreinar eru kurlaðar og þeim blandað við gras í ákveðnum hluföllum. Efnin eru látin brotna niður og til verður fyrirtaks lifrænn jarðvegsbætir sem kallast molta.	17	18	19
	20	21	22	23	24 SUMARDAGURINN FYRSTI	25 Molta og moltublanda fást hjá SORPÚ í Álfsnesi. Moltublanda er einnig seld í Blómavali, Skútuvogi.	26
	27	28	29	30			

Jarðgerð garðahrgangs





Maí

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				1	2	3
				VERKALÝÐSDAGURINN/ UPPSTIGNINGARDAGUR		
4	5	6	7	8	9	10
				Dagblöðum, tímaritum og auglýsingapósti er skilað í bláa grenndargáma eða á endurvinnslustöðvar.		
11	12	13	14 Öll aðskotaefni, s.s. plastpokar	15	16	17
HVÍTASUNNUDAGUR/ MÆÐRADAGURINN	ANNAR Í HVÍTASUNNU	Pappír er aðeins endurvinnanlegur ef hann er flokkaður frá öðrum efnum.	eða umbúðir úr pappa, valda erfiðleikum við endurvinnslu á blöðunum. Setjið því aldrei annað en pappir í gáma fyrir dagblöð.			Pappírinn er sendur til endur- vinnslu í Svíþjóð þar sem m.a. eru framleiddar salernisrúllur.
18	19	20	21	22	23	24
						Úr 1 kg af pappir er hægt að framleiða um 4 salernisrúllur.
25	26	27	28	29	30	31

Dagblöð & tímarit





Júní

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1	2	3	4	5	6	7
SJÓMANNADAGURINN						
8	9	10	11	12	13	14
			Rafeindatæki innihalda í flestum tilfellum spilliefni. Þeim skal því skilað á endurvinnslustöðvar.			
15	16	17	18	19	20	21
		LÝÐVELDISDAGURINN		Tækin eru meðhöndluð vegna spilliefna og málmar eru bræddir og endurunnir.	SUMARSÓLSTÖÐUR	
22	23	24	25	26	27	28
		JÓNSMESSA				
29	30					



Júlí

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
		1	2	3	4	5
		Spilliefni geta mengað umhverfið og haft skaðleg áhrif á bæði menn og dýr. Þeim skal ávallt skilað til eyðingar.				
6	7	8	9	10	11	12
				Almenningur skilar spilliefnum á endurvinnslustöðvar en fyrirtæki til Efnamóttökunnar hf.		
13	14	15	16	17	18	19
		Spilliefni eiga að vera í lokuðum umbúðum. Réttar merkingar á ílátum auðvelda flokkun og eyðingu þeirra.				
20 EYE	21	22	23	24	25 Efnamóttakan hf. sér um að koma spilllefnum til eyðingar og/eða endurvinnslu hér á landi eða erfendis. Sjá nánari upplýsingar á efnamottakan.is.	26
27	28	29	30	31 		



Ágúst

	I	I	I	I	I	I
Sunnudagur	Mánudagur	priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				Ef aðskotahlutir, s.s. plast, sléttur pappi eða önnur efni, eru sett í gám fyrir bylgjupappa gerir það innihald hans óhæft til endurvinnslu.	1	2
3	4 FRÍDAGUR VERSLUNARMANNA	5 Almenningur skilar bylgjupappa å endurvinnslustöðvar.	6 Fyrirtæki geta skilað bylgju- pappa á endurvinnslustöðvar en ef farmur er stærri en 2 rúmmetrar er honum skilað í móttökustöðina í Gufunesi.	7	8	9
10	11	12	13 Bylgjupappi er endurunninn í Svíþjóð. Úr honum eru fram- leiddar nýjar pappaumbúðir.	14	15	16
17	18	19	20	21	22 Pappakassi getur átt sjö líf ef þú skilar honum til endurvinnslu!	23
24/31	25	26	27	28	29	30

Endurvinnsla bylgjupappa





September

	1	İ	I.	İ	I	l
Sunnudagur	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1	2	3	4	5	6
id			Umbúðum úr sléttum pappa er skilað í græna grenndargáma eða á endurvinnslustöðvar.			
7	8	9	10	11	12	13
	Það má flokka allar fernur, morgunkornspakka, eggjabakka, konfektkassa og fleiri umbúðir úr sléttum pappa í þennan flokk.				Sléttur pappi er endurunninn í Svíþjóð. Úr hverjum fimm kössum eru búnir til fjórir nýir.	
14	15	16	17	18	19	20
	Skolið fernur og fjarlægið matarleifar og plastpoka úr umbúðum. Brjótið saman.					
21	22	23	24	25	26	27
1811	HAUSTJAFNDÆGUR	Setjið ekki bylgjupappa í gáma fyrir sléttan pappa.	Aðskotahlutir, s.s. dagblöð og bylgjupappi í gámi fyrir umbúðir úr sléttum pappa, geta gert efnið óhæft til endurvinnslu.			
28	29	30		No.		
1 1				Cheeric	OS COMPANY	

Umbúðir úr sléttum pappa





Október

	1	1	ı	ı	ı	1
Sunnudagur	Mánudagur	Priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
			1	2	3	4
				Á endurvinnslustöðvum eru gámar fyrir brotamálm, sem er verðmætt hráefni.		
5	6	7 Það má skila umbúðum úr málmi, t.d. niðursuðudósum og állökkum. Einnig fara ónýt húsgögn eða annað sem inniheldur málm í gáminn.	8	9	10 Við endurvinnslu á áll þarf um 95% minni orku heldur en við frumframleiðslu á málminum.	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23 Fura og Hringrás taka við málmi frá SORPU. Þar er hann að einhverju leyti flokkaður eftir tegundum en síðan sendur í málmbræðslur erlendis.	24	25 FYRSTI VETRARDAGUR
26	27	28	29	30	31	

Málmur





Nóvember

Sunnudagur	Mánudagur	[priðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	
						1	
2	3	4	5	6	7	8	
		Kertaafgöngum má skila á endurvinnslustöðvar SORPU.		Kertaafgangar eru endurunnir og ný og falleg kerti búin til úr þeim.			
9	10	11	12	13	14	15	
FEDRADAGURINN							
16	17	18	19	20	21	22	
DAGUR ÍSL. TUNGU				1 00			
23/30 ADVENTA (30)	24	25	26	27	28	29	pa.is
Kertaa	 fgangal	Sólhein Mariant M	DAT.	N S		SORPA	www.sorpa.is





Desember

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1	2	3	4	5	6
	FULLVELDISDAGURINN		Hægt er að skila fötum og klæði á endurvinnslustöðvar í gáma merkta Rauða krossi Íslands.			
7	8	9 Föt og klæði þurfa að vera hrein, þurr og pökkuð í lokaðan plastpoka.	10	11 Pað má skila öllum vefnaðar- vörum, t.d. fullorðinsfatnaði, barnafatnaði, yfirhöfnum, gluggatjöldum og áklæði, teppum og handklæðum.	12	13 Föt og klæði sem skilað er á endurvinnslustöðvar nýtast til hjálparstarfs á vegum Rauða kross Íslands.
14	A endurvinnslustöðvum eru einnig sérstakir gámar fyrir skó en þeir eru sendir til útlanda á vegum hjálparsamtaka.	16 Gott er að hafa skópörin í pokum svo að ekki þurli að byrja á að þara skóna saman. Það spara rvinnu og fyrirhöfn.	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
VETRARSÓLSTÖÐUR		ÞORLÁKSMESSA	AÐFANGAÐAGUR	JÓLADAGUR	ANNAR Í JÓLUM	
28	29	30	31 GAMLÁRSDAGUR			Da is
Föt og	klæði	diam.			ı	SPRPA **





Flokkum og skilum

SORPA tekur á móti fjölmörgum tegundum af úrgangi til endurvinnslu. Á síðum almanaksins eru fróðlegar og gagnlegar upplýsingar um einstaka flokka úrgangs. Þar er fjallað um það hvernig á að flokka mismunandi tegundir úrgangs, hvert á að skila honum og hvaða vörur eru búnar til úr ólíkum efnum við endurvinnslu.

Upplýsingar í almanakinu eru fyrst og fremst miðaðar við úrgang frá heimilum. SORPA gefur út sérstaka flokkunartöflu sem er ætluð fyrirtækjum og stofnunum. Hana má nálgast, ásamt flokkunartöflu fyrir heimili, á starfsstöðvum SORPU. Einnig er hægt að fá flokkunartöflurnar sendar í pósti.

Um 40% þess úrgangs sem berst til SORPU fer til endurnýtingar en það voru um 90.000 tonn árið 2006. Hlutfall úrgangs sem berst til endurvinnslu hefur hækkað ár frá ári en svo er frábærri þátttöku íbúa og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu fyrir að þakka.

Ávinningurinn af aukinni endurvinnslu er umtalsverður fyrir samfélagið þar sem:

- landssvæði sem annars færi undir urðun úrgangs sparast,
- hægt er að framleiða ýmsar nýjar vörur,
- það er ódýrara fyrir samfélagið ef úrgangur fer til endurvinnslu heldur en ef hann er urðaður, miðað við núverandi söfnunarkerfi,
- með endurvinnslu á pappír og pappaumbúðum er dregið úr koltvíoxíðútblæstri.

Pappír og pappaumbúðir eru sendar til Svíþjóðar í endurvinnslu. Til þess að flutningur á efninu sé hagkvæmur er efnið baggað í þar til gerðum pressum.



Forsíðumynd: Alklæðnaður fyrir dömu og herra

Vinnuhópur 104, nemendur í 8. bekk í Austurbæjarskóla